

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis.

Selfossi 28. september 2021.

Landskjörstjórn,

b.t. Laufeyjar Helgu Guðmundsdóttur, ritara.

Með tölvupósti 27. september 2021 óskaði Landskjörstjórn eftir upplýsingum frá yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis um framkvæmd flokkunar og talningar atkvæða í kjördæminu við Alþingiskosningar 25. september 2021, upplýsinga um meðferð kjörgagna, boðun og upplýsingagjöf til umboðsmanna framboðslista og verklag við endurtalningu atkvæða. Einnig er óskað afrita af fundargerðum yfirkjörstjórnar frá og með kjördegi.

Hjálögð eru afrit af fundargerðum yfirkjörstjórnar frá og með kjördegi.

Í fundargerðum yfirkjörstjórnar kemur ítarlega fram hvernig staðið var að framkvæmd flokkunar og talningu atkvæða og gæðakönnun á flokkn yfirkjörstjórnar sem fram fór 26. september. Þar er einnig ítarlega bókað hvernig meðferð kjörgagna var háttað frá því kjörgögn bárust til talningar og þar til talningu var lokið. Að því er varðar boðun og upplýsingagjöf til umboðsmanna var háttað er það einnig bókað í fundargerðum en til viðbótar því sem þar kemur fram er rétt að taka fram að áður en fundi yfirkjörstjórnar var frestað að morgni 26. september kom fram í heyrandi hljóði fyrir þá umboðsmenn sem voru þá staddir á talningastað að yfirkjörstjórn myndi halda fundi áfram kl. 13 þann sama dag á talningastað til að ljúka meðferð og innsiglu kjörseðla og annarra trúnaðargagna.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis ákvað á fundi sínum 27. september að endurtelja atkvæði. Umboðsmenn framboðslista voru boðaðir til fundar og þeirrar endurtalningar með tölvupósti. Á fundi með umboðsmönnum var varsla kjörgagna kynnt og lagðar fram umbeðnar verklagsreglur við talningu sem fylgja bréfi þessu sem fylgiskjal. Á fundinum kom sérstaklega fram að breytt atkvæði höfðu verið innsiglið sérstaklega og varðveitti formaður yfirkjörstjórnar þau en ritari yfirkjörstjórnar hafði í sínum vörslum öll ónotuð innsigli yfirkjörstjórnar.

Verklag við endurtalningu var með þeim hætti að innsigli kjörgagna var til sýnis fyrir umboðsmenn og síðan rofin. Kjörseðlar voru teknir úr ílátum og voru þá með sömu ummerkjum og við lok talningars daginn áður, þ.e. 50 eða færri saman í búnti sem bundið var saman með teygju og með áfostum upplýsingamiða með áletrun um fjölda atkvæða í búntinu, hvaða lista hann tilheyrði (eftir atvikum ógildir eða auðir seðlar) og kvittun amk. tveggja talningarmanna fyrir talningu. Bunkar voru fluttir á talningarborð þar sem talningarmaður yfirför bæði flokkun í búnt og einnig talningu. Ef frávik komu fram eða upplýsingamiða vantaði var flokkun yfirfarin og búntið talið af tveimur talningarmönnum sem kvittuðu á miðann. Síðan voru yfirfarin búnt færð til skráningar og geymslu. Að lokinni samlagningu á skráningu var á kveðið að endurtaka yfirferð yfir flokkun atkvæða í búnt og fjölda bunka. Ennfremur var fjöldi atkvæða skráður að nýju fyrir hvern framboðslista, auða og ógilda seðla.

Þar sem niðurstaða beggja samlagninga skilaði sömu niðurstöðu sem einnig var í fullu samræmi við niðurstöðu sem yfirkjörstjórn sendi frá sér að morgni 26. september var endurtalningu lokið og því lýst yfir að tvöföld endurtalning hefði staðfest fyrri tölur. Enginn umboðsmaður óskaði eftir að skoða atkvæði eða atkvæðabunka að talningu lokinni.

Frekari upplýsingar verða að sjálfsögðu veittar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

f.h. yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis,


Þórir Haraldsson, formaður.